



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
bt. bæjarstjórnar  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 09.05.2019  
1811010 SPH/hs

**Efni: Deiliskipulag Akratorgsreits - Sunnubraut 17**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 6. maí sl.), var fjallað um umsókn um viðbyggingu sem felst í að byggja eina hæð ofan á bílskúr sem byggður var 2004. Samþykki meðeigandi fylgir með. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,43 eftir breytingu væri nh. 0,47. Heimilt nýtingarhlutfall skv. greinargerð deiliskipulags Arnardalsreits er 0,55.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Sunnubraut 14, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22 og 24, Skagabraut 2, 4, 6 og 8, Kirkjubraut 32 og Merkigerði 21.

Engar athugasemdir bárust.

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson  
sviðsstjóri

Meðf.: Teikning af fyrirhugaðri byggingu

Afrit: Malgorzata Teresa Wladecka